

# Fréttabréf Grunnskóla Raufarhafnar !

21. apríl 2009. 1. tbl. 1. árg.  
Ábm. J.D.S. og B.B.


Skólinn hefur ákveðið að senda út fréttabréf á ný og að þessu sinni eru nemendur 6.-10. bekkjar með umsjón yfir því. Þetta fréttabréf er eins konar „prufa“ svona til að gá hvort þetta gengur ekki allt saman og þá væntanlega munu streyma inn fleiri fréttabréf. Nemendur safna sjálfir upplýsingum og sjá um hönnun bréfsins, en það mun ekki vera á pappír eins og fyrri árin, heldur verður það sett inn á veraldarvefinn. Grunnskólinn er að vinna að því að fá Grænfánann og því reynum við að nota eins lítið af pappír og mögulegt er, að sjálfsögðu reynum við að endurvinna allan pappír.

Nemendur skiptast á umsjón yfir fréttabréfinu, eldri nemendur (8.-10.) fá þann heiður að sjá um þetta fyrsta fréttabréf og næsta fréttabréf mun því verða í umsjón yngri nemenda (6.-7.) og svo koll af kolli.

Hvað hefur nú gerst undanfarið?

**Hattadagur** var haldinn 23. janúar og þá mættu allir með flotta hatta og fóru nemendur skólans í leiki saman.

**Fótbolti.** 6. febrúar fóru Helga, Nanna, Karen Ósk, Tanja og Alexandra á landsmót í fótbolta í Reykjavík og lentu þær í 6. sæti í úrslitum.



**Valentínusardagurinn** var haldinn hátíðlegur 14. febrúar og mættu nemendur þann dag í rauðum fötum, dregnir voru leynivínir handa hverjum og einum og teknar voru myndir af leynivinum.

Svo datt einhverjum það snjallræði í hug að hafa **ranghverfudag**. Og viti menn hann var haldinn af fúlustu alvöru nokkrum dögum seinna. Hann lýsti sér þannig að nemendur og nokkrir starfsmenn mættu í fötunum þannig að þau voru ranghverf. Jafnvel svuntunum var snúið við en við höldum þó að menn hafi farið rétt í íþróttafötin. Reyndar voru það nokkrir fýlupokar eða gleymnir nemendur sem mættu ekki með fötin í anda dagsins en þeir voru umsvifalaust skammaðir og sendir inn á salerni til að snúa fötunum við. Ekki tókst að „snúa“ öllum og er best að nefna engin nöfn.



**Tónkvísl** söngvakeppnin var haldin á Laugum og keppti Þorbjörg Eva fyrir Ríben Town og hreppti hún 3. sætið ! Hún vill þakka öllum þeim sem sáu sér fært að mæta. Hún hefði ekki getað þetta án þeirra stuðnings.